

Starfsendurhæfing Norðurlands

Niðurstöður úttektar á starfsemi
í september 2012

Mars 2013

Inngangur

Embætti landlæknis var falið af velferðarráðuneytinu að leggja mat á hvort núverandi notendur þjónustu Starfsendurhæfingar Norðurlands (SN) uppfylli skilyrði um atvinnutengda starfsendurhæfingu, skv. 11. gr. laga um atvinnutengda starfsendurhæfingu eða hvort þeir þurfi fremur á annarri þjónustu að halda.

Embætti landlæknis óskaði í bréfi til SN, dags. 24. ágúst 2012, eftir eftirtöldum upplýsingum um:

- Alla núverandi notendur þjónustunnar: Nafn, kennitölu, heilsuvanda og ástæður þess að viðkomandi er í starfsendurhæfingu og meðferðaráætlun.
- Hver er meðaltími hvers einstaklings í starfsendurhæfingunni.
- Hversu margir hafa farið út á vinnumarkaðinn á sl. 3 árum og hafi haldist þar.
- Hversu margir hafa komið aftur í starfsendurhæfingu á sl. 3 árum.
- Hvort talið er að öllum notendum þjónustunnar nýtist hún eða væri sumum betur borgið innan heilbrigðisþjónustunnar og/eða með félagslegum virkniúrræðum þar sem þeir eru ekki tilbúnir að takast á við atvinnutengda starfsendurhæfingu.

Þann 17. september 2012 fóru Laura Sch. Thorsteinson verkefnisstjóri/hjúkrunarfræðingur og Salbjörg Bjarnadóttir verkefnisstjóri/geðhjúkrunarfræðingur að skoða SN og ræða við starfsfólk.

Upplýsingar frá SN

SN var stofnað í febrúar 2006 og hefur ávallt verið í miklum samskiptum við heilbrigðisstofnanir á Norðurlandi svo og félagsþjónustu sveitarfélaga þar. Einnig eru mikil samskipti við framhaldsskólana á svæðinu og vinnumarkaðinn. Hugmyndafræði SN felur í sér að hver þátttakandi komi með virkum hætti að endurhæfingu sinni frá upphafi og axli þar með strax ábyrgð á henni. Hlutverk hennar er að útvega þá þjónustu sem hver einstaklingur þarf og koma þeim sem hafa fallið út af vinnumarkaðinum til lengri eða skemmri tíma í betra félagslegt umhverfi og aftur til vinnu. Lögð er áhersla á að mæta hverjum einstaklingi þar sem hann er staddur. Markmiðið er að veita þátttakendum stuðning og ráðgjöf á heildstæðan hátt meðan á endurhæfingu stendur og gefa von um að þeir geti verið þátttakendur í samfélaginu. SN er m.a. fjármagnað frá Starfsendurhæfingarsjóði VIRK. Hjá SN starfar þverfaglegur hópur þ.e. félagsráðgjafi, sálfræðingur, iðjuþjálfari, náms- og starfsráðgjafi, hjúkrunarfræðingur og aðrir

stuðningsaðilar. Stöðugildi eru alls 7,5. Enginn læknir er í starfi þar en góður aðgangur bæði að geðlækni og öðrum aðilum á geðsviði Sjúkrahúss Akureyrar (FSA).

Fjöldi tilvísana hefur aukist jafnt og þétt á síðasta ári, þ.e. frá 1. júní 2011 til 15. maí 2012, var beðið um að 223 einstaklingar fengju þjónustu og var það 36,8% aukning frá árinu áður (þ.e. 1. júní 2010 til 15. maí 2011) og á síðustu tveimur árum hefur fjölgun orðið 125%. Langflestir tilvísunaraðilarnir eru frá heilbrigðisþjónustunni s.s. frá FSA og/eða heilsugæslunni en ennfremur frá Vinnumálastofnun og VIRK starfsendurhæfingarsjóði. Þegar dagdeildin á geðdeild FSA hætti fyrir fjórum árum kom ákveðið rof í meðferð fyrir geðsjúka, en þeir hafa átt greiðan aðgang að SN og finnst mörgum að vel hafi tekist til.

Öll endurhæfing SN byggist á að þeir einstaklingar sem nýta sér hana fari annað hvort í vinnu eða nám að endurhæfingu lokinni. Fram kom að rúmlega helmingur þeirra sem sækja starfsendurhæfingu nú eiga við geðrænan vanda að stríða og um 15% er með stoðkerfisvanda. Má segja að 82% notenda búi við fjölpættan heilsufarsvanda. Mikil og góð samvinna er við geðdeild og aðrar deildir FSA. SN býður upp á ýmsar leiðir og hverjum einstaklingi er ráðlagt að fara ákveðna leið. Leiðirnar nefnast BYR (tvær leiðir), Brúin, ETNA-ATV, Kvennasmiðja og Gæfubrú. Um mislangar leiðir er að ræða þar sem athyglinni er beint að breyttum lífsstíl, fjármálaráðgjöf, sálfræðiþjónustu, hópefli, sjálfstyrkingu, heilsueflingu og ýmis konar fræðslu. Flestir byrja í undirbúningshóp sem er allt að ein önn. Þar er byrjað á að kenna fólki athafnir daglegs lífs (ADL) ef þörf krefur. Stundum er fólk svo veikt að það á erfitt með að byrja í hópum og fer þá mikil vinna með geðsviði FSA í viðtöl o.fl. Þegar að framhaldshópum kemur eru þeir hópar lokaðir sem er mikilvægt til að byggja upp traust en það getur haft bið í för með sér. Sett er það skilyrði að einstaklingar hafi verið án vímuefna í a.m.k. 6 mánuði áður en þeir komast inn en þeir fá stundum viðtöl meðan þeir bíða. Starfsendurhæfingin er með mjög gott aðgengi að framhaldsskólum, sérstaklega Verkmenntaskólanum, auk þess sem einstaklingar hafa farið í nám í Háskólanum á Akureyri í framhaldi af endurhæfingunni. Þeir sem fara í skóla fá mikinn stuðning.

Talið er brýnt að einstaklingar þurfi að vera í 6, 12 eða 18 mánuði í starfsendurhæfingu og síðan sé mikilvægt að fylgja þeim eftir með sérstakri eftirfylgd. Þar er skoðað hvernig þeir hafa nýtt sér úrræði og hvernig þeim vegnar. Sumum hefur verið fylgt eftir í allt að tvö ár. Þjónustuþörfin hefur verið mjög mikil og hefur oft myndast biðlisti. Starfsendurhæfingin hefur haft gott orð á sér og hefur í kjölfarið verið að færa út kvíarnar og tekur nú til alls Norðurlands. Föst viðvera er á Húsavík og starfsfólk SN á Akureyri fer og sinnir einstaklingum á Siglufirði, Dalvík, Ólafsfirði, Sauðárkróki og Blönduósi. Tímafrek ferðalög hafa því aukist mikið.

Vinnumálastofnun hefur lagt áherslu á að meta fólk m.t.t. þess hvort það sé fært til að fara inn á vinnumarkað eður ei. Sumir fá ekki greiðslu frá VIRK þar sem þeir þurfa meiri heilbrigðisþjónustu en ætla mætti og ættu því að vera á endurhæfingarlífeyri. Ef einstaklingar uppfylla ákveðin skilyrði þá er unnið með þeim ásamt lækni að því að fá örorku- eða endurhæfingarlífeyri.

Starfsfólk SN leggur áherslu á að mikilvægt sé að hafa gott utanumhald þannig að allir notendur nái að blómstra og valdefling er eitt af því sem lögð er mikil áhersla á. Fram kemur að þrátt fyrir að vandi notenda í starfsendurhæfingu hafi aukist er árangur svipaður og verið hefur undanfarin ár. Yfir 70% notenda fara í vinnu eða nám að lokinni endurhæfingu hjá SN. Athyglisvert er að á sl. þremur árum hafa einungis fjórir komið aftur í endurhæfingu. Starfsfólkið hefur hug á meira samstarfi við Hugarafli og að skoða hvernig hægt er að nálgast betur þá sem eiga við langvarandi vanda að etja.

Það er mat starfsfólks SN að í ljósi fjölda þeirra notenda sem búa við heilsufarsvanda að þá væri þeim betur borgið innan heilbrigðisþjónustunnar. Þó kom fram hjá starfsfólki að það væri samt heppilegra fyrir notendur að sækja þjónustu þarna en á geðdeild vegna hugsanlegrar stimplunar. Þar sem endurhæfingartíminn er langur er það mat starfsfólks að nauðsynlegt sé að tryggja þjónustunni það rekstrarumhverfi sem þarf til að veita þessa þjónustu og fyrirbyggja að notendur falli á milli kerfa. Starfsfólkið telur að ljóst sé að notendur þjónustu SN falli undir skilyrði fyrir þjónustu starfsendurhæfingarsjóða, skv. 11. gr. laga um atvinnutengda starfsendurhæfingu. Starfsfólk SN segir að brýnt sé að standa vörð um starfsendurhæfingaráþjónustu í landinu og útfæra lögin á þann hátt að það sé tryggt.

Mat Embættis landlæknis

SN sinnir starfi sínu af alúð og vel er haldið utan um notendahóp endurhæfingarinnar. Fjölbreyttar endurhæfingarleiðir eru í boði sem virðast koma vel til móts við þarfir hópsins. Margar leiðir sem í boði eru taka 8-10 vikur en fram kom í viðtölum við starfsfólk að margir þurfi mun lengri tíma og hefur þeim þörfum verið mætt. Heimasíða starfsendurhæfingarinnar er upplýsandi og sýnir vel þá þjónustu sem í boði er. Húsnæði er mjög gott og hefur þegar verið stækkað. Samfella, traust og virðing er það sem skiptir máli við þennan notendahóp og virðist vera fyrir hendi.

Niðurstaða Embættis landlæknis

Það er mat Embættis landlæknis að notendur þjónustu SN falli undir skilyrði fyrir þjónustu starfsendurhæfingarsjóða, skv. 11. gr. laga um atvinnutengda starfsendurhæfingu. Í þeirri grein kemur fram að skilyrði fyrir þjónustu starfsendurhæfingarsjóðs er að einstaklingur búi við heilsubrest sem hindrar fulla þátttöku hans á vinnumarkaði og að hann stefni að endurkomu á vinnumarkað eða að auka þátttöku á vinnumarkaði svo fljótt sem verða má. Ennfremur er það skilyrði að einstaklingurinn hafi þörf fyrir þjónustuna, hún sé til þess fallin að auðvelda honum að fara aftur til vinnu og líkleg til árangurs á þeim tíma sem hún er veitt. Þá er það skilyrði að einstaklingurinn hafi vilja og getu til að taka markvissan þátt í atvinnutengdri starfsendurhæfingu og fylgja þeirri áætlun sem þar er sett fram.

Heildarmat embættisins er að þörfum þessa hóps sé vel sinnt innan SN og ekki sjáanlegt í fljótu bragði að aðrar stofnanir gætu uppfyllt þeirra þarfir að þessu leyti betur. Heppilegra getur verið fyrir notendur að sækja endurhæfingarþjónustu utan geðdeilda með áherslu á að auka innsæi og lífsgæði og þar með draga úr upplifun einstaklinganna að sjá sig sem sjúklinga og þannig koma í veg fyrir hugsanlega stimplun. Ekki er hvað síst mikilvægt að þjónusta þá sem búa við fjölþættan vanda og þurfa á að halda langtímaendurhæfingu. Slíkt getur aukið lífsgæði þessa fólks og einnig verið þjóðhagslega hagkvæmt þar sem það er þá virkara og þarf hugsanlega minna á heilbrigðisþjónustu að halda til lengri tíma litið.